



162. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal miðvikudaginn 13. maí 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason, Lárus Blöndal, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Helgi Sigurðsson stjórnarmaður var í símasambandi.

Forföll boðuðu Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson og Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Skipan í embætti framkvæmdastjórnar 2009-2011

Forseti kynnti tillögur sínar að skipan í embætti framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir tímabilið 2009-2011. Forseti lagði til að Lárus Blöndal yrði varaforseti ÍSÍ, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ og Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ. Tillögur forseta voru einróma samþykktar.

2. Skipan í fastanefndir og vinnuhópa

Forseti lagði fram tillögur að skipan í stjórnir sviða ÍSÍ, fastanefndir og vinnuhópa fyrir starfstímabilið 2009-2011.

Afrekssvið: Friðrik Einarsson formaður, Örn Andrésson og Helga H. Magnúsdóttir.

Almenningsíþróttasvið: Hafsteinn Pálsson formaður, Helgi Sigurðsson og Ingibjörg B. Jóhannesdóttir.

Fræðslusvið: Sigríður Jónsdóttir formaður, Jón Gestur Viggósson og Gústaf Hjaltason.

Afrekssjóður og Sjóður ungra og efnilegra: Örn Andrésson formaður, Helga H. Magnúsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Júlíus Rafnsson, Guðmundur Harðarson, Kolbeinn Pálsson og Ásthildur Helgadóttir.

Afreksskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ: Svava Grönfeldt formaður, Vala Flosadóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir.

Fjármálaráð: Gunnar Bragason formaður, Jón Gestur Viggósson og Örn Andrésson.

Vinnuhópur um rannsóknar-/afreksmiðstöð: Sigríður Jónsdóttir formaður, Gunnar Bragason og Þorgrímur Þráinsson.

Heilbrigðisráð: Helga H. Magnúsdóttir formaður, Gauti Grétarsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Ágúst Kárasón, Fríða Rún Þórðardóttir og Helgi Sigurðsson.

Lyfjaráð: Skúli Skúlason formaður, Guðmundur Sigurðsson og Reynir Björnsson.

Lyfjaeftirlitsnefnd: Áslaug Sigurjónsdóttir formaður, Davíð Ólafsson og Óskar Þór Ármannsson (tilnefndur af menntamálaráðuneytinu).

Laganefnd: Lárus Blöndal formaður, Guðmundur Pétursson og Valgarður Sigurðsson.

Verkefnasjóður: Ólafur Rafnsson formaður, Gunnar Bragason og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Alþjóðanefnd ÍSÍ: Ólafur Rafnsson formaður, Lárus Blöndal, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir og Hafsteinn Pálsson.

Fjölmiðlanefnd: Ólafur Rafnsson formaður, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Skúli Unnar Sveinsson og Arnar Björnsson.

Íþróttir eldri borgara: Hermann Sigtryggsson formaður, Ástbjörg Gunnarsdóttir og Magnús Oddsson.

Kvennahlaupsnefnd: Ingibjörg B. Jóhannesdóttir, Anna Möller og Gígja Gunnarsdóttir.

Vetrariþróttamiðstöð Íslands: Fulltrúi ÍSÍ, Friðrik Einarsson.

Íþróttanefnd ríkisins: Fulltrúi ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir, varamaður Ólafur Rafnsson.

Íslenskar getraunir: Fulltrúi ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson og til vara Líney Rut Halldórsdóttir.

Íslensk getsþá: Fulltrúar ÍSÍ, Lárus Blöndal og Gunnar Bragason.

Vinnuhópur um siðareglur ÍSÍ: Ólafur Rafnsson formaður, Hörður Oddfríðarson, Gísli Páll Pálsson, Elín Rán Björnsdóttir, Sturlaugur Sturlaugsson, Jörunn Frimannsdóttir og Þóra Melsted.

Skipað verður í eftirtaldar nefndir og vinnuhópa á næsta fundi:

Tölvunefnd ÍSÍ, Afmælisnefnd ÍSÍ, Ritnefnd ÍSÍ, Heiðursráð ÍSÍ, vinnuhópur um innra skipulag ÍSÍ, vinnuhópur um rannsóknar-/afreksmiðstöð og vinnuhópur um ytra skipulag.

3. Ólympísk verkefni

Smáþjóðaleikar

Rætt um undirbúning og skipulag. Forsetahjónin ásamt forsetaritara munu sækja leikana ásamt menntamálaráðherra. Aðrir gestir verða ekki á leikunum.

Íslenski hópurinn mun ferðast í þrennu lagi. RÚV mun hugsanlega senda tvo aðila á leikana.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar

Undirbúningur er í gangi.

Ungir og efnilegir

Haldinn var fræðslufundur fyrir styrkþega úr Sjóði ungra og efnilegra 2. maí sl. Fundurinn tókst vel. Fjórir fræðslufundir eru fyrirhugaðir á þessu ári.

4. Heiðranir

Samþykkt að heiðra eftirtalda aðila í tengslum við 30 ára afmæli Skotíþróttasambands Íslands. Viðurkenningarnar voru veittar á ársþingi STÍ 2. maí sl. :

Jóhannes Christensen – Gullmerki ÍSÍ

Halldór Axelsson – Silfurmerki ÍSÍ

Guðmundur Kr. Gíslason – Silfurmerki ÍSÍ

5. Hjólað í vinnuna

Átaksverkefnið Hjólað í vinnuna gengur afar vel og hafa þátttökumet verið slegin nú þegar. Þrír ráðherrar ásamt borgarstjóra voru viðstaddir setningu átaksins.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 161. fundur framkvæmdastjórnar
- Verkefnasjóðs frá 2.apríl 2009
- Fundur aðalfararstjóra og tækninefnda Smáþjóðaleikanna á Kýpur, 2.-5. apríl 2009 í Nicosiu
- Fundur aðalfararstjóra EYOF Tampere 23.-26. apríl 2009 í Finnlandi
- Skýrsla frá ráðstefnu um siðfræði íþróttar, 2.-3. feb. 2009 í Kaupmannahöfn
-

7. Þing og fundir

Farið yfir mætingu á fundi og þing sem framundan eru.

8. Næstu fundir

Næsti fundur í framkvæmdastjórn ÍSÍ verður haldinn fimmtudaginn 11. júní.

9. Önnur mál

Afstaða FRÍ gagnvart YOG

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá tillögu sem stjórn FRÍ skrifaði undir og fjallað var um á þingi Evrópusambands frjálsiþróttasambanda fyrir skömmu.

Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

Fyrirmyndarfélag

Eftirtalin félög staðfest sem fyrirmyndardeild/félag ÍSÍ:

Frjálsiþróttadeild Umf. Selfoss

Umf. Afturelding – allt félagið

Heimsókn

Forsetahjónin, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaief, heimsóttu Íþróttamiðstöðina í Laugardal 12. maí sl. Eftir heimsóknina litu þau inn á æfingar hjá ungum íþróttaiðkendum í mannvirkjunum í Laugardal.

Íþróttahátíð

Rætt um Íþróttahátíð ÍSÍ. Samþykkt að skipa nefnd til að skoða framtíð hátíðarinnar. Nefndina skipa Helga Steinunn Guðmundsdóttir formaður, Friðrik Einarsson og Gústaf A. Hjaltason.

Skólahreysti

Helga Steinunn skýrði frá lokakeppni Skólahreystis. Fulltrúar frá Norrænu skólaíþróttanefndinni voru á staðnum og hrifust mjög af keppninni. Munu þeir kynna verkefnið í sínum löndum.

Samþykkt að boða Andrés Guðmundsson forsprakka verkefnisins til spjalls og ráðagerða.

Reykjavík International

Gústaf skýrði stuttlega frá Reykjavík International, alþjóðlegum íþróttaleikum sem ÍBR stendur fyrir á ári hverju í samstarfi við nokkur sérsambönd.

Tengslanet

Friðrik Einarsson ræddi tengslanet stjórnarmanna við héraðssambönd og sérsambönd.

Málið verður á dagskrá á næsta fundi.

Ólympíufjölskyldan

Rætt um stöðu samninga við samstarfsaðila ÍSÍ. Beðið er eftir stofnun bankanna áður en lengra verður haldið í samningaviðræðum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari